

**Umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmannaeyjabæjar
Ráðhúsinu við Tröð
900 Vestmannaeyjum**

Varðar: Umsögn vegna lundaveiði sumarið 2026

Suðurey er í forsvari fyrir Bjargveiðimannafélag Vestmannaeyjar árið 2026 og sendir inn umsögn þessa og tillögur fyrir hönd félagsins. Leggjum við til að lundaveiðar verði heimilaðar frá 23.07.2026 til 15.08.2026 að báðum dögum meðtöldum.

Lundaveiðar hafa verið stundaðar í Vestmannaeyjum um langt skeið og voru áður mikilvægur partur af lífsbjörg Eyjamanna. Frá því byrjað var að takmarka lundaveiðar í Vestmannaeyjum vegna afkomubrests og ætisskorts lundans hafa bjargveiðimenn sýnt ábyrgð og haft frumkvæði að því að takmarka veiðar en bjargveiðimenn eru náttúrusinnar og þekkja vel stöðu dýralífs við Eyjar.

Það er mat Bjargveiðimannafélagsins að mikilvægt sé að halda í þær aldagömlu hefðir og menningu sem lundaveiðinni hefur fylgt og þeirri þekkingu og tengslum sem bjargveiðimenn hafa við lundastofninn og náttúruna við Eyjar. Lundaveiðar eru órjúfanlegur þáttur í sögu og menningu Vestmannaeyja. Vegna umgengni við stofninn hefur horft betur á síðustu árum með varp og viðkomu lundans og pysjum hefur á undanförunum árum fjölgað eftir niðursveiflu fyrir nokkrum árum.

Bjargveiðimannafélagið mun hvetja félagsmenn sína til að gæta hófs í veiðum, ganga af virðingu um náttúruna, standa vörð um sín nytjasvæði og vinna að áframhaldandi upplýsingaöflun og viðhalda þekkingu nú sem fyrr.

Vestmannaeyjum 24.06.2026
f.h. Bjargveiðimannafélags Vestmannaeyja

Sveinn Magnússon Suðureyingur